

Það er vitaskuld, að þeim gjaldþegnum, er vilja ekki sætta sig við þenna úrskurð, sje **115**  
frjálst að leita úrlausnar dómstólanna um þessa spurningu, en í bráð verða þeir að **26. júlí.**  
greiða gjaldið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hjá- 116*  
leiguna Stekkjanes hjá Ísafjarðarkaupstað. — Samkvæmt tillögum yðar, **27. júlí.**  
herra amtmaður, fellst jeg hjer með á, að bæjarstjórnin á Ísafirði takist á hendur skuld-  
bindingar þær gagnvart Eyrarprestakalli, er tilgreindar eru í samningi frá 31. maí þ. á.  
milli bæjarstjórnarinnar og hins núveranda prests á Eyri, um afhendingu á hjáleigunni  
Stekkjanesi (Stakknesi) og þeim hluta jarðarinnar Eyrar í Skutulsfirði, sem prestakallið  
hjelt optir við samningana 1. febr. og 7. maí 1870.

Að öðru leyti er það vitaskuld, að ef samningurinn frá 31. maí þ. á. á að gilda  
um lengri tíma en embættistíma hins núveranda prests, þarf að útvega konungsúrskurð  
fyrir sölu á hjáleigunni Stekkjanesi, er beinlínis var undan skilin við sölu þá, er sam-  
þykkt var með allrahæstum úrskurði frá 10. janúar 1871 (tíðindi um stjórnarmálefni  
III. bls. 128).

— *Brjef landshöfðingja til prófestsins í Suður-Pingeyjarsýslu um samning sókn- 117*  
artafla yfir fólksfjöldann. — Útaf fyrirspurn yðar, herra prófastur, í þóknanlegu **27. júlí.**  
brjefi frá 9. þ. m. læt jeg ekki dragast að tjá yður þetta:

Skýrslurnar um fólkstal eiga að eins að vera í einu lagi, og eiga þær að sendast  
með sóknatöflunum til landshöfðingja; þar á móti eiga sóknartöflurnar að vera tvíritaðar,  
sjá «Reglur fyrir því, hvernig semja eigi sóknatöflurnar yfir fólksfjöldann» 2. og 7. gr.

«Fólkstölutafla» sú, er getur um í 11. gr. reglna fyrir því, hvernig semja eigi  
fólkstöluskýrslurnar, er sama skýrslan sem með öðrum orðum er nefnd «sóknartafla»  
og «fólkstalstafla». Hún á að vera sjer fyrir hverja kirkjusókn, og er það miður ná-  
kvæmlega að orði komizt í tjeðri 11. grein, þegar sagt er, að taflla þessi skuli samin yfir  
allt brauðið; sjeu fleiri sóknir í brauðinu, verður tafflan að vera í eins mörgum deildum,  
og sóknirnar eru margar.

Eyðublöð þau, er afgangs verða, þarf ekki að endursenda, þau hafa verið ætluð  
til uppbótar, ef einstök blöð skyldu skemmast.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðurumdæminu um efling búnað- 118*  
ar. — Samkvæmt tillögum amtráðs suðurumdæmisins samþykkist hjer með, að suðuramtíð **27. júlí.**  
fái 3533 kr. 33 a. af fje því, er með 10. gr. C. 4. fjárlaganna er veitt til eflingar bún-  
aði, og að lagðar verði af þessari upphæð:

búnaðarfjelagi Kjósarhrepps . . . . .	100 kr.
— Mosfellssveitar og Kjalarneshrepps . . . . .	200 —
búnaðarsjóði síra Ólafs heitins Hjaltesteðs . . . . .	200 —
og búnaðarfjelagi suðuramtsins . . . . .	1200 —

og eru þessar 1700 kr veittar með því skilyrði, að þeim verði varið eingöngu  
til verkfæra-kaupa og til launa handa búfræðingum.

Flyt 1700 kr.

	Flyt 1700 kr.
<b>118</b> Ennfremur samþykkjast tillögur amtsráðsins um, að veittar verði:	
27. júlí. Hjörleifi Björnssyni frá Breiðabólssstöðum á Álptanesi til að nema búfræði	100 —
Ívari Helgasyni frá Flekkuvík á Vatnsleysuströnd til að kynna sjer sjávarútveg og veiðiaðferð Norðmanna	300 —
Lopti Gíslasyni á Vatnsnesi í Grímsnesi til verkfærakaupa	100 —
Síra Þorkeli Bjarnasyni á Reynivöllum til þúfnasljettunar	150 —
Sigurði Arngrímssyni á Stóru-Fellsöxl til verkfærakaupa	100 —
Þórði Þorsteinssyni á Leirá til verkfærakaupa	100 —
Einari Guðmundssyni á Heggstöðum til verkfærakaupa	100 —
Síra Helga Sigurðssyni á Melum til garðyrkju	100 —
	alls 2750 —

Eru þá eptir 783 kr 33 a. óveittir af fje því, er suðurumdæminu er ætlað af nefndri fjárveitingu og er því skotið á frest að gjöra ákvörðun um fje þetta.

Um leið og jeg tjái yður þetta, herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafana, sendi jeg yður hjer með 2 jarðabókarsjóðsávísanir á ofan nefndar 2750 kr.

### Auglýsing.

**119**  
28. júlí.

Samkvæmt brjefi 21. maí þ. á. frá yfirstjórn póst og telegrafmálanna auglýsist hjer með, að lýðveldin Ecúador og Urúgúay hafi frá 1 þ. m. gengið inn í allsherjarpóst-sambandið, og að burðargjaldið til þessara landa sje hið sama og tilfært er bls. 22 N<sup>o</sup> 48. burðargjaldsskrá þeirri, sem er til eptirsjónar á póstafrgreiðslustöðum landsins á dönsku. Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 28. júlí 1880.

**Hilmar Finsen.**

*Jón Jónsson.*

**120**  
28. júlí.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturumdæminu um efling búnaðar. — Samkvæmt tillögum amtsráðs vesturumdæmisins samþykkist hjer með, að vesturamtíð fái 2466 kr. 67 a. af fje því, sem með 10. gr. C 4 fjárlaganna er veitt til eflingar búnaði, og að helming nefndrar upphæðar verði skipt þannig milli búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða í amtinu, að

1. búnaðarfjelag Hörðudalshrepps fái . . . . . 100 kr.
2. búnaðarfjelag Kolbeinsstaðahrepps . . . . . 50 —
3. búnaðarfjelagið á Skógarströnd . . . . . 50 —
4. búnaðarfjelagið í Miklaholts- og Eyjahreppi . . . . . 100 —
5. búnaðarfjelagið í Hraunshreppi . . . . . 50 —
6. búnaðarsjóður Vesturamtsins . . . . . 883 — 33 a.

Veitingarnar handa búnaðarfjelögunum eru bundnar því skilyrði, að fjenu verði eingöngu varið til verkfærakaupa og til að launa búfræðingum, en því fje, sem lagt er búnaðarsjóði Vesturamtsins skal varið eptir nánari ákvörðun amtsráðsins.

Að því er snertir hinn helminginn af þessa árs fjárveitingu eða 1233 kr. 34 a., sem úthluta ber í vesturumdæminu, hefir meiri hluti amtsráðsins lagt það til, að jarðyrkjumanni Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal verði veitt 1000 kr. verðlaun fyrir hina skotsku ljái, er hann hefir innleitt hjer á landi, og að verðlaun þessi verði greidd af fje því, sem